

51 ingi frá grenjum eða á annan hátt. Sekt greiðir sá er yrðlingana átti 8. júní eða hafði þá í vörslum.

13. gr.

Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum, eða sje nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til þess að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

14. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða sektum frá 10—500 kr. er renna í fjallskilasjóð.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samíð og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, samanber lög nr. 48, 28. nóv. 1919, til að öðlast gildi 1. júlí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

52
8. júní

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á fjallskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu frá 9. ágúst 1920.

1. gr.

14. gr. fjallskilareglugjörðar breytist þannig:

Á eftir orðunum „og notar eigi sinn eigin afrjett“ bætist inn í greinina: „er honum þó skylt að gera fjallskil á afrjett sinn.“

2. gr.

24. gr. 2. liður orðist þannig:

Oddstaðarjett. Leitarsvæði: Að leitartakmörkum Rauðgilsrjettar frá Hvítá eins og Flókadalsá ræður alt að Oki, með Oki suður að Kalda-

dal og svo vestur sýslumót í Kvígindisfell. Úr Kvígindisfelli í upptök Tunguár og svo ræður Tunguá þar til bein lína fæst í Eiríksvatn, fram- 52
anvert við bæjarrústirnar í Vörðufelli. Síðan ræður Fitjaá, Skorradals- 8. júní
vatn og Andakílsá til sjávar.

Fyrsta Oddstaðarjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sum-
ars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku.

3. gr.

24. gr. 3. liður orðist svo: Hrafneyrarrjett. Leitarsvæði: Að norð-
an ráða leitartakmörk Oddstaðarjettar alla leið frá sjó til Kvígindis-
fells. Þaðan ráða landamerki Stóra-Botns til sjávar.

Fyrsta Hrafneyrarrjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sum-
ars, önnur miðvikudaginn í 23. viku sumars, þriðja miðvikudaginn í 25.
viku sumars.

Á þessu svæði skulu sundurdráttarrjettir vera í Efstabæ, Hrepps-
rjett, Leirár- og Melahreppi og Innri-Akraneshreppi. Úrtíningur úr
öllum þessum rjettum rekist til Hrafneyrarrjettar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir sam-
ið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist
hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1928.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um

**staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu
á og viðauka við heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað
frá 16. júní 1920.**

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905 um heilbrigðissam-
þykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjer með staðfest eftirfarandi
samþykkt um breytingu og viðauka á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglu-
fjarðarkaupstað frá 16. júní 1920, sem bæjarstjórnin hefir samið og
samþykkt.